



Félagsmálastofnun
Reykjavíkurborgar

Alþingi
Erindi nr. p 123/726
komudagur 28.12.198

Nefndasvið Alþingis
Dórshamri v/Templarasund

150 Reykjavík.

Reykjavík 18. desember 1998
015.0-98-óf


Varðar: umsögn um frumvarp til skaðabótalaga.

Borist hefur beiðni formanns allsherjarnefndar Alþingis dags. 18. nóvember sl. um umsögn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, nú Félagsþjónustunnar, varðandi fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á skaðabótalögum nr. 50/1993, sbr. l. nr. 42/1996.

Við athugun frumvarpsins virðist það helst vera 4. gr. frumvarpsins sem gæti snert starfsemi Félagsþjónustunnar að einhverju leyti. Í frumvarpinu er lögð til sú nýbreytni að frá bótum vegna varanlegrar örorku dragist nú bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði. Í athugasemdum með 4. gr. kemur fram að litið sé svo á að um bætur af félagslegum toga sé að ræða sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Ljóst er að með framangreindum orðalagi er ekki verið að horfa til fjárhagsaðstoðar sem grundvallast á ákvæðum laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Réttur til fjárhagsaðstoðar til framfærslu er í sjálfu sér óháður örorku tjónþola, nema að því leyti að tekjur fjárhagsaðstoðarþegar, þ.á.m. örorkubætur, lífeyrisgreiðslur og skaðabætur, koma til frádráttar við ákvörðun fjárhagsaðstoðar. Miðað er við að fjárhagsaðstoð til einstaklinga, 18 ára og eldri, geti numið allt að kr. 53.596.- á mánuði.

Af 5. gr. frumvarpsins má ráða að bótafjárhæð skuli greidd í einu lagi. Við ákvörðun fjárhagsaðstoðar er litið til tekna umsækjanda í þeim mánuði sem umsókn berst og mánuðinn þar á undan. Þá er einnig litið til eigna umsækjanda við ákvörðun fjárhagsaðstoðar og gengið út frá því sem meginreglu að t.d. innistæður í banka skuli umsækjandi nýta sér til framfærslu, þar með taldar skaðabætur. Því verður ekki séð, þegar á heildina er litið að 4. gr. frumvarpsins komi til með að hafa nein veruleg áhrif á rétt umsækjanda til fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félagsþjónustunnar


Ólöf Finnsdóttir lögfr.